

Fundargerð 986. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, föstudaginn 10. október kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Einar Þorsteinsson, Hildur Björnsdóttir, Anna Sigríður Guðnadóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Einar Brandsson, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Freyr Antonsson, Margrét Ólöf A. Sanders og Walter Fannar Kristjánsson.

Hjálmar Sveinsson hafði ekki tök á að sitja fundinn og ekki gafst tími til að boða varafulltrúa hans.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Saga Guðmundsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 985. fundar - 2509141SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 985. fundar stjórnar Sambandsins frá 26. september 2025, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Fagteymi vegna kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni - 2509128SA

Herdís Haraldsdóttir ráðgjafi frá Kveikju kom inn á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir vinnu við fagteymi vegna kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni sem byggja á tillögum í stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga.

Stjórn þakkar kærlega fyrir áhugavert og gagnlegt erindi. Jafnframt leggur stjórn til að málið verði tekið aftur fyrir á fundi stjórnar þegar vinnu er lokið í bakhópi.

Herdís fór af fundi kl. 09:00.

3. Kjaramálanefnd Sambandsins - 2509436SA

Lagðar fram sem trúnaðarskjöl fundargerðir 50., 51. og 52. fundar kjaramálanefndar Sambandsins frá 27. ágúst, 23. september og 8. október 2025.

4. Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga - samþykktir - 2509493SA

Lagt fram bréf Brúar lífeyrissjóðs, dags. 23. september 2025, um breytingar á samþykktum sjóðsins, ásamt fylgiskjöllum.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti endurskoðaðar samþykktir Brúar lífeyrissjóðs.

Nanný Arna Guðmundsdóttir vék af fundi kl. 9:25.

5. Trúnaðarmál - 2509477SA

Lagt fram sem trúnaðarmál bréf, dags. 19. september 2025.

Trúnaðarmál færð í trúnaðarmálabók.

6. Drög að umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum - 2509478SA

Lögð fram drög að umsögn Sambandsins til innviðaráðuneytisins, um drög að frumvarpi til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011, mál nr. S-180/2025, sbr. bókun fundar stjórnar Sambandsins 26. september 2025.

Stjórn felur yfirlögfræðingi að lagfæra umsögnina m.v. umræður á fundinum og hafa bókun sbr. lið 7 til hliðsjónar.

7. Áskorun frá sveitarfélögum - 2509478SA

Lögð fram áskorun frá Flóahreppi, Langanesbyggð, Fljótsdalshreppi, Grýtubakkahreppi, Skeiða og Gnúpverjahreppi, Árneshreppi, Tjörneshreppi, Svalbarðstrandahreppi, Kjósahreppi, Vopnafjarðahreppi, Grímsnes og Grafningshreppi, Ásahreppi, Skagatrönd, Súðavíkurreppi, Kaldrananeshreppi, Skaftárhreppi, Hrunamannahreppi, Hörgársveit og Reykhólahreppi mótt. 9. október 2025, þar sem skorað er á stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga að hafna tillögum innviðaráðuneytisins um afnám íbúalýðræðis sem felast í drögum að nýjum sveitarstjórnarlögum sem nú liggja fyrir í samráðsgátt stjórnvalda.

Stjórn Sambandsins þakkar erindið og lýsir fullum skilningi á því að ekki ríki einhugur innan sveitarstjórnarstigsins um framangreind mál. Stjórnin leggur þó ríka áherslu á að öll sveitarfélög láti í ljós afstöðu sína og skili inn umsögn um málið.

Stjórn Sambandsins telur mikilvægt að ráðherra hlusti á rök sveitarfélaganna er snerta boðaðar breytingar varðandi sameiningar sveitarfélaga og um leið sjálfsákvörðunarrétt þeirra. Hlutverk Sambandsins er að standa vörð um hagsmuni sveitarfélaganna og tekur undir með sveitarfélögunum að hlusta verði á vilja íbúa þeirra.

8. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um öryggisráðstafanir samkvæmt dómsúrlausn - 2510011SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins, dags. 7. október 2025, um drög að frumvarpi til laga um öryggisráðstafanir samkvæmt dómsúrlausn, mál nr. S-177/2025.

Stjórn Sambandsins samþykkir fyrirbyggjandi drög að umsögn um drög að frumvarpi til laga um öryggisráðstafanir skv. dómsúrlausn.

9. Umsögn um frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks - 2510010SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 7. október 2025, um frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 106. mál.

Stjórn Sambandsins samþykkir fyrirbyggjandi drög að umsögn um frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

10. **Umsögn um áform um breytingu á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum - 2509119SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 19. september 2025, um áform um breytingu á lögum nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, mál nr. S-154/2025.
11. **Umsögn um drög að landsákvörðuðu framlagi Íslands 2035 til Parísarsamningsins - 2509472SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 23. september 2025, um drög að landsákvörðuðu framlagi Íslands 2035 til Parísarsamningsins, mál nr. S-166/2025.
12. **Umsögn um drög að frumvarpi til nýrra heildarlaga um loftslagsmál - 2509120SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 28. ágúst 2025, um drög að frumvarpi til nýrra heildarlaga um loftslagsmál, mál nr. S-97/2025.
13. **Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins - 2509482SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 26. september 2025, um áform um breytingu á lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, mál nr. S-167/2025.
14. **Umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2026 - 2509351SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til fjárlaganefndar Alþingis, dags. 2. október 2025, um frumvarp til fjárlaga, 1. mál.
15. **Umsögn um frumvarp til laga um sýslumann - 2509499SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 7. október 2025, um frumvarp til laga um sýslumann, 111. mál.

Fundi var slitið kl. 10:30